



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu, þriðjudaginn 23.01.2019, kl. 17:15

Mættir: Ásta Kristjánsdóttir, Jóhannes Egilsson Kristján B. Thorlacius, Sigurður Bjarnason, Sigríður Dís Guðjónsdóttir, Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir, Gunnar Berg Viktorsson, Einnig sat fundinn Ása Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundagerðina.

Fundagerð:

formaður, Sigurður Bjarnason, setti fundinn og stýrði

1. Samþykkt á fundagerð síðasta stjórnarfundar des 2018

Niðurstaða: fundagerð samþykkt

2. **Fyrstu drög af uppgjör 2018**

Farið var yfir fyrstu drög af uppgjör ársins 2018 fyrir allar einingar félagsins, ánægjulegt er að rekstur mfl er í jafnvægi og jákvæður hjá öllum nema mfl kk í handknattleik en verið er að vinna í viðsnúningi þar. Rekstur aðalstjórnar og vallahúsnæðis sem Stjarnan rekur er einnig jákvæður. Rekstur barna- og unglingastarfs er einnig í góðu jafnvægi en eina deildin sem er með neikvætt eigið fé er karfa en þar eru eðlilegar skýringar að baki.

Niðurstaða: Rekstur félagsins er því almennt séð í góðum farvegi.

3. **Stefnumótun**

Þröstur Ólaf Sigurjónsson kom og fór yfir fyrstu drög af nýrri handbók félagsins sem er í vinnslu í framhaldi af stefnumótunavinnu sem félagið fór í á haustmánuðum síðasta árs og hann stýrið. Eins var farið í hugarflugsvinnu með framtíðarsýn og stefnu félagsins, ásamt því að farið var yfir þau málefni sem þarf að vinna „roadmap“ úr sem endurspeglar áherslur félagsins til næstu ára.

Niðurstaða: til upplýsinga.

4. **Önnur mál**

Framkvæmdastjóri fór yfir gang mála með málefni mfl kvk í knattspyrnu.

Framkvæmdastjóri fór yfir breytingar sem hafa verið í framkvæmd á starfsaðstöðu í vallarhúsi og félagsheimili Stjörnunnar.

Framkvæmdastjóri sagði frá fundi sínum og formanni félagsins með heiðursfélögum Stjörnunnar varðandi hugmyndavinnu við 60 ára afmæli Stjörnunnar 2020.

fundur var slitið kl. 18:56, Ritað Álf